

VG Fornleifarannsóknir

# Kambanes

Fornleifaskráning



Hermann Jakob Hjartarson og Atli Rúnarsson

Forsíðumynd er af matjurtargarði (29). (Ljósmynd: Atli Rúnarsson)

© Hermann Jakob Hjartarson og Atli Rúnarsson. VG Fornleifarannsóknir.

Unnið fyrir CityLab ehf. 2020

## Efnisyfirlit

|                              |    |
|------------------------------|----|
| Inngangur .....              | 3  |
| Fornleifaskráning .....      | 4  |
| Fornleifar .....             | 7  |
| Kambar.....                  | 10 |
| Klökk .....                  | 15 |
| Heyklif .....                | 17 |
| Niðurstöður .....            | 23 |
| Heimildaskrá .....           | 26 |
| Myndaskrá.....               | 27 |
| Viðauki: Fornleifaskrá ..... | 27 |


## Inngangur.

Að beiðni Alexander Efanov hjá CityLab ehf. tóku Hermann Jakob Hjartarson og Atli Rúnarsson fornleifafræðingar hjá VG fornleifarannsóknnum að sér að skrá fornleifar vegna deiliskipulags (sjá mynd 2) á Kambanesi. Kambanes er austasti hluti tangans á milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur, liggur fyrir austan þjóðveg. Svæðið sem um ræðir er allt Kambanes, þar er nú ein jörð, Heyklif, en áður voru þarna tvær jarðir, Heyklif og Kambar, sem fór í eyði árið 1944. Auk þess var stutt búseta um aldamótin 1900 í Klöpp sem er á norðanverðu nesinu. Fornleifaskráningin fól í sér athugun á heimildum, vettvangsskráningu og úrvinnslu. Farið var eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands við skráninguna. Á vettvang fóru Hermann Jakob Hjartarson og Atli Rúnarsson, Hermann sá um heimildarvinnu og skýrslugerð. Ljósmyndir voru teknar af höfundum, nema annað sé tekið fram. Um kortagerð sá Hermann nema að annað sé tekið fram. Farið var í vettvangsferð 25.-28. mars 2020. Veður var gott miðað við árstíma, bjart og stillt. Öllum sem veittu upplýsingar er þakkað fyrir. Fornleifar á Kambanesi má á grófan hátt skipta upp í þrjú minjasvæði, þó sumar minjar falli fyrir utan þessi svæði. Svæðin eru: Kambar, Heyklif og Klöpp (mynd 1).



Mynd 1. Yfirlit yfir allar skráðar fornleifar á Kambanesi. Kortagerð: HJH. Loftmynd: Loftmyndir ehf.





Mynd 2. Deiliskipulag fyrir Kambanes. Kortagerð: Arkís og skipulagssvið Fjarðarbyggðar.

## Fornleifaskráning

Allar fornleifar njóta friðunar og verndunar samkvæmt menningarminjalögum, í 3. grein laganna segir: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. (Lög um menningarminjar 2012, 3. gr.)

Jafnframt segir í 21 grein laganna: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.

Friðlýstum fornleifum skal viðhaldið á kostnað ríkisins. Minjastofnun Íslands ber ábyrgð á friðlýstum fornleifum og semur verk- og fjárhagsáætlun um viðhald þeirra.“ . (Lög um menningarminjar 2012, 21. gr.)

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgi nema annað sé ákveðið (Lög um menningarminjar 2012, 22. gr).

## Fornleifar

Alls voru skráðar 67 fornleifar/minjar í vettvangsferðinni. Afrakstur fornleifaskráningarinnar má sjá í töflunni hér að neðan auk meðfylgjandi fornleifaskrá og loftmynda sem sýna staðsetningu fornleifanna.

Tafla 1. Skráðar fornleifar á Kambanesi.

| Nr. | Tegund          | Hlutverk                 | Aldur     | Friðlýst? | Ástand         | Hættumat    | Hættu orsök |
|-----|-----------------|--------------------------|-----------|-----------|----------------|-------------|-------------|
| 1   | Tóft            | Kartöflugeymsla          | 1850-1950 | Nei       | Vel greinanleg | Engin Hætta |             |
| 2   | Jarðræktarsvæði | Matjurtagarður           | 1850-1950 | Nei       | Greinanleg     | Engin Hætta |             |
| 3   | Garðlag         | Óþekkt                   | 1550-1900 | Nei       | Greinanleg     | Engin Hætta |             |
| 4   | Varða           | Óþekkt                   | 1800-1970 | Nei       | Vel greinanleg | Engin Hætta |             |
| 5   | Gata            | Leið                     | 1700-1900 | Nei       | Greinanleg     | Engin Hætta |             |
| 6   | Hleðsla         | Stekkur                  | 1700-1900 | Nei       | Greinanleg     | Engin Hætta |             |
| 7   | Gata            | Leið                     | 1700-1900 | Nei       | Greinanleg     | Engin Hætta |             |
| 8   | Tóft            | Óþekkt                   | 1700-1900 | Nei       | Greinanleg     | Engin Hætta |             |
| 9   | Hleðsla         | Refagildra               | 1700-1950 | Nei       | Greinanleg     | Engin Hætta |             |
| 10  | Tóft            | Óþekkt                   | 1700-1900 | Nei       | Greinanleg     | Engin Hætta |             |
| 11  | Garðlag         | Óþekkt                   | 1700-1900 | Nei       | Illgreinanleg  | Engin Hætta |             |
| 12  | Garðlag         | Aðhald                   | 1700-1900 | Nei       | Greinanleg     | Hætta       | Landbrot    |
| 13  | Garðlag         | Rétt                     | 1700-1900 | Nei       | Vel greinanleg | Engin Hætta |             |
| 14  | Hleðsla         | Óþekkt                   | 1700-1900 | Nei       | Greinanleg     | Engin Hætta |             |
| 15  | Tóft            | Óþekkt                   | 1700-1944 | Nei       | Vel greinanleg | Engin Hætta |             |
| 16  | Tóft            | Óþekkt                   | 1700-1944 | Nei       | Greinanleg     | Engin Hætta |             |
| 17  | Jarðræktarsvæði | Matjurtagarður           | 1700-1944 | Nei       | Greinanleg     | Engin Hætta |             |
| 18  | Hleðsla         | Óþekkt                   | 1700-1944 | Nei       | Illgreinanleg  | Engin Hætta |             |
| 19  | Tóft            | Fjárhús/hlaða/bæjarstæði | 1700-1944 | Nei       | Heillegar      | Engin Hætta |             |
| 20  | Steinsteypa     | Híbyli                   | 1928-1944 | Nei       | Heillegar      | Engin Hætta |             |
| 21  | Tóft            | Útihús                   | 1700-1944 | Nei       | Heillegar      | Engin Hætta |             |
| 22  | Tóft            | Aðhald                   | 1700-1944 | Nei       | Greinanleg     | Engin Hætta |             |
| 23  | Jarðræktarsvæði | Matjurtagarður           | 1700-1944 | Nei       | Greinanleg     | Engin Hætta |             |



|    |                 |                  |           |     |                |             |          |
|----|-----------------|------------------|-----------|-----|----------------|-------------|----------|
| 24 | Tóft            | Kartöflugeymsla  | 1700-1944 | Nei | Heillegar      | Engin Hætta |          |
| 25 | Tóft            | Útihús           | 1700-1944 | Nei | Vel greinanleg | Engin Hætta |          |
| 26 | Garðlag         | Túngarður        | 1700-1920 | Nei | Greinanleg     | Engin Hætta |          |
| 27 | Tóft            | Óþekkt           | 1700-1944 | Nei | Vel greinanleg | Engin Hætta |          |
| 28 | Jarðræktarsvæði | Matjurtagarður   | 1700-1920 | Nei | Vel greinanleg | Engin Hætta |          |
| 29 | Jarðræktarsvæði | Matjurtagarður   | 1700-1920 | Nei | Vel greinanleg | Engin Hætta |          |
| 30 | Hleðsla         | Rétt             | 1700-1944 | Nei | Greinanleg     | Engin Hætta |          |
| 31 | Tóft            | Útihús           | 1700-1944 | Nei | Vel greinanleg | Engin Hætta |          |
| 32 | Jarðræktarsvæði | Matjurtagarður   | 1700-1944 | Nei | Illgreinanleg  | Engin Hætta |          |
| 33 | Tóft            | Stekkur          | 1700-1944 | Nei | Vel greinanleg | Engin Hætta |          |
| 34 | Tóft            | Óþekkt           | 1700-1944 | Nei | Greinanleg     | Engin Hætta |          |
| 35 | Tóft            | Óþekkt           | 1700-1944 | Nei | Illgreinanleg  | Engin Hætta |          |
| 36 | Tóft            | Stekkur          | 1700-1944 | Nei | Vel greinanleg | Engin Hætta |          |
| 37 | Tóft            | Stekkur          | 1700-1944 | Nei | Greinanleg     | Engin Hætta |          |
| 38 | Tóft            | Óþekkt           | 1700-1944 | Nei | Greinanleg     | Engin Hætta |          |
| 39 | Tóft            | Óþekkt           | 1700-1944 | Nei | Greinanleg     | Engin Hætta |          |
| 40 | Niðurgroftur    | Mógröf           | 1700-1944 | Nei | Illgreinanleg  | Engin Hætta |          |
| 41 | Tóft            | Beitarhús        | 1700-1944 | Nei | Greinanleg     | Engin Hætta |          |
| 42 | Gata            | Leið             | 1700-1944 | Nei | Illgreinanleg  | Engin Hætta |          |
| 43 | Tóft            | Óþekkt           | 1700-1944 | Nei | Vel greinanleg | Engin Hætta |          |
| 44 | Tóft            | Óþekkt           | 1700-1900 | Nei | Greinanleg     | Engin Hætta |          |
| 45 | Tóft            | Óþekkt           | 1700-1900 | Nei | Greinanleg     | Engin Hætta |          |
| 46 | Tóft            | Óþekkt           | 1700-1900 | Nei | Greinanleg     | Engin Hætta |          |
| 47 | Tóft            | Naust/sjóbúð     | 1700-1900 | Nei | Greinanleg     | Mikil hætta | Landbrot |
| 48 | Jarðræktarsvæði | Matjurtagarður   | 1700-1900 | Nei | Illgreinanleg  | Hætta       | Landbrot |
| 49 | Tóft            | Híbýli/Beitarhús | 1700-1900 | Nei | Vel greinanleg | Engin Hætta |          |
| 50 | Púst            | Óþekkt           | 1700-1900 | Nei | Illgreinanleg  | Hætta       | Landbrot |
| 51 | Tóft            | Naust            | 1700-1900 | Nei | Greinanleg     | mikil hætta | Landbrot |
| 52 | Tóft            | Naust/sjóbúð     | 1700-1900 | Nei | Greinanleg     | Hætta       | Landbrot |
| 53 | Tóft            | Óþekkt           | 1700-1900 | Nei | Greinanleg     | Engin Hætta |          |

|    |                      |                 |           |     |               |             |          |
|----|----------------------|-----------------|-----------|-----|---------------|-------------|----------|
| 54 | Niðurgröftur-Hleðsla | Hlaða           | 1700-1900 | Nei | Greinanleg    | Engin Hætta |          |
| 55 | Tóft                 | Naust           | 1700-1900 | Nei | Greinanleg    | Mikil hætta | Landbrot |
| 56 | Niðurgröftur         | Brunnur         | 1700-1900 | Nei | Illgreinanleg | Engin Hætta |          |
| 57 | Heimild              | Híbyli          | 1700-1920 | Nei | Sést ekki     | Hætta       | Landbrot |
| 58 | Tóft                 | Kartöflugeymsla | 1700-1900 | Nei | Greinanleg    | Engin Hætta |          |
| 59 | Jarðræktarsvæði      | Matjurtagarður  | 1700-1920 | Nei | Greinanleg    | Engin Hætta |          |
| 60 | Tóft                 | Aðhald          | 1700-1900 | Nei | Greinanleg    | Engin Hætta |          |
| 61 | Þúst                 | Steinhrúga      | 1900-1950 | Nei | Greinanleg    | Engin Hætta |          |
| 62 | Hóll                 | Óþekkt          | 1700-1900 | Nei | Illgreinanleg | Engin Hætta |          |
| 63 | Tóft                 | Útihús          | 1800-1950 | Nei | Greinanleg    | Engin Hætta |          |
| 64 | Niðurgröftur         | Hlaða           | 1700-1900 | Nei | Illgreinanleg | Engin Hætta |          |
| 65 | Hóll                 | Óþekkt          | 1700-1900 | Nei | Illgreinanleg | Engin Hætta |          |
| 66 | Jarðræktarsvæði      | Beðasléttur     | 1850-1950 | Nei | Greinanleg    | Engin Hætta |          |
| 67 | Tóft                 | Óþekkt          | 1700-1900 | Nei | Greinanleg    | Engin Hætta |          |

Byggð hefur verið í Stöðvarfirði frá landnámi, en fjörðurinn var samkvæmt Landnámu numin af Þórhalli hinum gamla en þar segir: „Þórhaddur hinn gamli var hofgoði í Þrándheimi á Mæri. Hann fýstist til Íslands og tók áður ofan hofið og hafði með sér hofsmoldina og súlurnar; en hann kom í Stöðvarfjörð og lagði Mærina-helgi á allan fjörðinn og lét engu tortíma þar nema kvikfé heimilu. Hann bjó þar alla ævi og eru frá honum Stöðfirðingar komnir.“ (Landnáma, bls. 307-308). Elsta búseta sem fundist hefur verið í Stöðvarfirði var á Stöð í botni fjarðarins, en fornleifarannsókn sem hefur verið í gangi þar undanfarin ár sýnir að þar hafi verið búið frá landnámi (Bjarni F. Einarsson, 2020). Næsta landsvæði sem numið var við landnám fyrir sunnan Stöðvarfjörð var samkvæmt Landnámu Hvalnesskriður. „Herjólfur hét maður, er nam land allt út til Hvalnesskriðna; hans son var Vopni, er Væpnlingar eru frá komnir.“ (Landnáma, bls. 308).

Nesið sem nú heitir Kambanes hefur líklega heitið Hvalnes fyrr á öldum, nafnið Kambanes kom líklega fyrst fram um 1800 (Ferðabók F.Í., 2002, bls. 451), önnur „Kamba“ örnefni, eins og nafnið á bænum Kambar hafa þó verið komin fyrr og nesið fengið nafnið sitt vegna þeirra. Örnefnið Kambar er komið af Kamb, sem eru tveir mjóir samsíða gatklettar í fjöruborði inn af Kambafjöru (Hjörleifur Guttormsson, 2002, bls. 8).

Ekki er ljóst hvenær bæirnir Kambar og Heyklif byggðust fyrst, en vitað er að þeir voru hjáleigur Hvalsnes í lok 17. aldar Kirkjueignir á Íslandi 1697-1984: II. Skrár, 1992, bls. 28). Ekki er þó minnst á bæina í Jarðabók Björns (Björn Lárusson, 1967, bls. 326-327) sem er frá seinni hluta 17. aldar.

Árið 1760 eru báðar jarðirnar taldar upp með Hvalnesi og eru þær samtals 30 að dýrleika. Búið er að skipta dýrleikanum niður á bæina í Jaðratali Johnsen um miðja 19. öldina, einnig var það gert 1804 (Jarðatal Johnsen, bls. 377, neðanmálsgrein). Í jarðabókinni voru jarðirnar komnar undir kirkjuna. Heyklif var þá í eigu Þingmúla og Kambur í eigu Stöðvarsóknar (Jaðratal Johnsen 1847, bls. 377). Út frá þessu má ætla að einhvern tíma á bilinu 1760 til 1804 hafi eignarhald á jörðum breyst. Dýrleiki Heyklifs var þá 8 og Kamba 3 (Jaðratal Johnsen 1847, bls. 377). Í *Ný jarðabók fyrir Ísland frá 1861* er virði jarðanna sem hér segir: Heyklif : forn: 8, ný: 46,5. Kambar: forn: 3, ný: ekki tekið fram (bls. 145).


Breytingar urðu árið 1922 þegar viti var reistur í landi Heyklifjar. Árið 1944 lagðist búskapur af á Kömbum og var íbúðarhúsið flutt í þorpið á Stöðvarfirði (Árbók F.Í. 2002, bls. 227). Í *Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi* sem byggir á fasteignamötum frá 20. öld eru hlunnindi jarðanna Heyklif og Kamba reki og útræði (Lárus Ágúst Gíslason, 1982, bls. 247).

Magnús Bergsson sóknarprestur í Stöð segir svo frá höfnun á Kambanesi í Sýslu og sóknarlýsingum: „Árið 1839 voru tvær hafnir á Kambanesi, rétt við túnfætur kota þeirra er þar standa; við báðar er útræði haft og er hvörug þeirra bátum hættulegar vegna grynninga, einungis verður svökult í þeim þegar þegar upp á þær stendur af suðri, báðar eru þær þröngar og takmarkaðar af klettum, einkum sú syðri, er valla hefur rúm fyrir meira ein einn bát. Við þessa höfn er sá ókostur að blindboði er innan frá skeri því sem er fyrir utan höfnina á hvörjum að brýtur, og verður að beygja bátsleiðina inn á við til að komast hjá boðanum af hvörjum að langir hálsar rísa þegar illt er í sjó; í suðrum eru hafnir þessar oft ófærar en tjarnsmáar í austrum. Í eystri höfninni sjálfri er ekkert blindsker né boði en úti fyrir henni er blindskerjaklasi er gengur frá Prestatanga, einum tanga fyrir utan og austan höfnina, og inn að minni hennar, á hvörjum rís og ósléttist sjórinn og verður ófært ef nokkuð er að. Auk þessarar hafna er ogsvo ein lending sem brúkuð er frá Heyklif þegar sunnanátt er og fiskur er í firðinum. Þessi lending er vik eitt á millum tveggja klettatanga, heitir vik þetta Jónsbás. Þarna er í suðrum tjarnsmátt og hreinn sjór inni og úti fyrir en í austrum verður þar oft ófært sökum þess þar stendur þá upp á (Múlasýslur: Sýslu og sóknarlýsingar, 2000, bls. 441)

## Kambar

Um Kamba segir Magnús Bergsson sóknarprestur í Stöð svo frá um miðja 19. öldina: *Kambar. Þessi bær stendur utan og sunnan til á sama nesi fast við útsjóinn. Fyrrum er sagt hann hafa verið stekkur frá Heyklifi. Þessi jörð er að leigumála 3 hndr. og landkostir hennar hinir sömu sem og Heyklif utan hvað hún hefur meiri útheyskap er verður að sækjast suður yfir skriður þær sem liggja fyrir framan og sunnan bæinn og*


kallast Staðarbrekkuskriður, fyrir sunnan þær liggur útheyskapaþlássið er nefnist Hvammur. Þó bjargast þessi jörð mest á útigangi fyrir sauðpening því þar eru góðar fjörur með miklum þarabunkum í, líka verjast hagar ágætlega vel í fyrrnefndum Hvammi svo að fé er oft rekið í sjó og haga jarða þessara þegar annarstaðar í sókninni tekur fyrir hagabeit. Land þessarar jarðar er ei heldur undirorpið neinum sérlegum áföllum utan hvað rigningar og stormar gjöra þurrð á jarðveginum. (Múlasýslur: Sýslu og sóknarlýsingar, 2000, bls. 451) .



Mynd 3. Fornleifar við Kamba. Kortagerð: HJH. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Við Kamba er mikið af uppistandandi minjum. Landsvæðið hefur fengið að vera að mestu leiti ósnert síðan Kambar fóru í eyði árið 1944. Að vísu hafa verið grafnir fráveituskurðir í túnið og engjar og hluti engjanna hafa verið sléttaðar, en annars hafa minjarnar fengið að vera að mestu í friði.





Mynd 4. Til vinstri: Túnakort frá 1920. Til hægri: búð að setja túnakortið yfir loftmynd. Kortagerð: Alexander Efanov.

Þegar bærinn fór í eyði árið 1944 var efri hluti íbúðarhússins flutt í þorpið í Stöðvarfirði, en eftir stendur steipt fyrsta hæðin (nr. 20, mynd 5). Við bæinn eru tvö útihús, annað þeirra er fjárhús með hlöðu (19), þar var áður bæjarstæðið ef marka má túnakortið frá 1920 (mynd 4, Túnakort Kambar). Á túnakortinu er aðeins þetta eina hús merkt inn, Í Sýslu og sóknarlýsingum frá 1836 segir að þarna hafi, áður en bærinn var byggður verið stekkur frá Heyklif. (Múlasýslur: Sýslu og sóknarlýsingar, 2000, bls. 451). Hin tóftin (21) er vel greinanlegt útihús 10x7 m stórt og veggir allt að 2 m. Í um 15 m suður frá fjárhúsinu er aðhald (22) byggt upp við klettavegg. Einnig er aðhald (22), byggt upp við klettavegg þar rétt hjá.

Þrír matjurtagarðar (23, 28 og 29) eru merktir á túnakortið frá 1920. En alls eru fimm matjurtagarðar á svæðinu, tveir á sunnanverðu svæðinu (17 og 23) og 3 á norðanverðu svæðinu (28, 29 og 32). Við matjurtagarð 23 er kartöflugeymsla (24).

Á túnakortinu sést vegurinn (42) sem liggur frá Þjóðleið og að Kömbum, sem og vegurinn (5) frá Kömbum og að Heyklif. Vegurinn liggur í gegnum túngarð (26). Aðeins er hluti af túngarðinum (26) enn sýnilegur,




en túngarður hefur ekki verið nauðsynlegur umhverfis allt túnið þar sem klettur, fjörur og skurðir mörkuðu út túnið. Hlutinn sem er sýnilegur, gengur í suður frá sáðgarði (23) og að tóft (27).



Mynd 5. Til vinstri: Sólhóll en hann var efri hæðin á Kömbum (til hægri) Ljósmyndir: HJH og AR.

Á hæð sem sér yfir túnið á Kömbum er að finna tvær tóftir (25 og 35), en hlutverk þeirra er óljóst. Tveir meintir stekkir (36 og 37) eru um 200 m vestur frá bænum, tóftir (27, 38 og 39) eru einnig vestur af bænum, en hlutverk þeirra er ekki þekkt.

Mótekja (40) var í um 300 m norðvestur af bænum, mógröfin er um 28x28 metrar að stærð. Um hana er sagt í örnefnaskrá: „Næst utan er Torfnestangi, þýfður tangi. Þá Torfnestfjara. Þar var tekinn mór. Slæm mótekja var þarna nema hálf önnur stunga neðst. Þar var dökkur og harður mór. Niður á hann voru 4-5 stungur” (Örnefnaskrá: Kambar og Heyklif).



Mynd 6. Drónamynd af rústunum á Kömbum. Ljósmynd: Alexander Efanov. Myndvinnsla: HJH.

Mögulegur stekkur (33) ásamt annarri tóft (31) er um 150 m norður frá bænum. Þar er einnig að finna rétt sem kallaðist Kambarétt, þar er gilið notað sem aðhald, hlaðið fyrir norður og suður enda. Tveir inngangar, í norðri og suðri. Í örnefnaskrá segir: *...utan við er Kambahraun, klettarani, fremur lágur. Kambarétt er utan við hraunið milli tveggja kletta, hlaðin á tvo vegu* (Örnefnaskrá: Kambar og Heyklif).

Tóft (34) með óþekkt hlutverk er miðja vegu milli bæjarhúss (20) og stekks (33). Upp við landamerkin við Heyklif er svo að finna þrjár tóftir (15, 16 og 43), en hlutverk þeirra er ekki ljóst.



Mynd 7. Meint beitarhús við Kubbafljóru. Fjaran virkaði sem náttúrulegt aðhald fyrir féð. Kortagerð: HJH. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Fjörubeit var viðhöfð, fé var rekið í fjöru á suðvestanverðu nesinu, í um 400 m fjarlægð frá bænum. Þar sem náttúrulegt aðhald var fyrir sauðféð (Örnefnaskrá: Kambar og Heyklif). Tóft sem mögulega var beitarhús (41) er þar rétt hjá. (mynd 7).



## Klöpp

Í landi Kamba á norðanverðu nesinu var um tíma búið á stað sem hét Klöpp. Þar er að finna minjar um þá búsetu, þar að auki eru minjar um sjósókn sem þarf ekki endilega að tengjast búsetunni á Klöpp heldur geta verið frá öðrum tímum.



Mynd 8. Fornleifar við Klöpp. Kortagerð: HJH. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Ekki eru heimildir um að búið hafi verið á Klöpp fyrir árið 1893, ekkert er minnst á bæinn í sóknarmannatölum frá 1887 eða fyrr (Sóknarmannatöl 1829-1849; Sóknarmannatöl 1851-1887). Fyrstu heimildirnar um ábúð eru frá 1893, þá bjuggu á Klöpp 8 manns, Páll Sveinsson þurfamaður og Kristín Gissurardóttir ásamt 6 börnum. Ábúð virðist hafa verið þarna til ársins 1904, en þrjár mismunandi fjölskyldur bjuggu þar á þessum tíma. Auk þess var tvíbýlt þarna árið 1903 (Sóknarmannatal 1899-1913). Ekkert er minnst á Klöpp í Sóknarmannatali frá 1929 eða seinna (Sóknarmannatöl 1929-1952). Búseta á staðnum virðist því vera fremur stutt. Seinna var þarna sauðakofi/beitarhús. Í örnefnalýsingu segir: *Þar bjó um aldamótin Páll Sveinsson og nefndi Klöpp. Síðar var þar sauðakofi*” (Örnefnaskrá: Kambar og Heyklif). (Örnefnaskrá Kambar og Heyklif, bls. 6). Páll Sveinsson sem fyrstur byggði Klöpp fæddist og ólst upp á Kömbum, bjó þar til til 28 ára aldurs, eða til ársins 1878 (Sóknarmannatöl 1851-1887).



*Mynd 9. Naust (55) á norðanverðu nesinu. Ljósmynd: AR.*

Mikið af minjum er á svæðinu en líklega stóð bærinn/kotið Klöpp (49) þar sem nú má sjá tóftir beitarhúss, ef marka má örnefnalýsinguna sem áður var nefnd. Minjar um sjósókn, naust og/eða sjóbúið eru fjórar (47, 51, 52 og 55). Þarna var matjurtagarður (48), hlaða (54) og brunnur (56). Einnig eru þarna tóftir sem hafa óþekkt hlutverk (46 og 50).

Í um 160 m fjarlægð austur frá Klöpp er Jónsbás sem er smávík á milli kletta þar sem var notuð sem lending í sunnanáttum. Þar eru tvær tóftir (44 og 45) sem gætu tengst sjósókn, önnur þeirra (44) gæti þó verið stekkur.



## Heyklif


Um Heyklif segir Magnús Bergsson sóknarprestur í Stöð svo frá:

*Heyklif. Hann stendur utan til á nesinu fast við sjó framan undir klettum. Það er kirkjuförð tilheyrandi Þingmúlubrauði í Skriðdal, 6 hndr. Að fornum dýrleika en er einungis byggður fyrir 3 hndr. Þerra kot hefur engar úslægjur en á túni þess má í góðu ári fýðra vel eina kú, en útigangur er þar góður á vetrum því þar er hlákunæmt og góður þari við sjóinn. Engum árföllum er jörð þessi undiropin. Jörðin er yfir höfðuð landliti og jarðvegur þar uppblásinn í flög og móa. (Múlasýslur: Sýslu og sóknarlýsingar, 2000, bls. 450-451).*



Mynd 10. Minjar í og við tún Heyklifjar. Kortagerð: HJH. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Á Heyklif hafa minjarnar ekki varðveist jafn vel og á Kömbum. Ólíkt Kömbum þá hefur verið búseta þar seinustu áratugi. Búið er að slétta túnið og því eru sumar minjar horfnar af yfirborðinu. Samkvæmt túnakortinu frá 1920 þá stóð bærinn (57) þar sem nú er ekkert að sjá nema óljósar ójöfnur í landslaginu. Enn er hægt að sjá hvar vegurinn (5) frá Kömbum lá.



Mynd 11. Til vinstri: Túnakort af Heyklif frá 1920. Til hægri: Túnakortið sett yfir loftmynd. Myndvinnsla: Alexander Efanov.

Rétt austan við þar sem bæinn stóð, er hóll (62) og á honum er útihús (63) og mögulega hlaða (64). Hóllinn er sennilega að öðru leiti náttúrulegur, til að mynda er rani sem stendur út úr honum til suðurs sem líkist garði en þegar nánar er að gáð er hann úr náttúrulegri klöpp, en gæti hafa verið nýttur sem garður. Hóllinn er þannig í útliti að mögulegt er að í honum séu fleiri minjar og því var hann skráður. Neðan við hólinn er steinahrúga (61), en því grjóti hefur sennilega verið safnað saman úr túninu. Einnig er þarna annar hóll (65), en í honum má sjá hleðslur en ekki er hægt að sjá hvaða hlutverk tóftin hafði.

Tveir matjurtagarðar eru í og við túnið. Annar þeirra (59) sést á túnakortinu frá 1920. Hinn (2) er fyrir utan túnið, uppi á klettasillu fyrir ofan bæjarstæðið. Sagt er frá þeim garði í örnefnaskrá, þar segir: „*Neðan undir Hnúttunni er Hnúthjalli. Þar voru sáðgarður og kartöflukofi*“ (Örnefnaskrá: Kambar og Heyklif). Garðlag (3) er við eystri enda matjurtargarðsins á klettasillunni, óvíst er hvort að hann tengist matjurtargarðinum eða sé eldri. Við báða matjurtargarðarna eru niðurgrafnar kartöflugeymslur (1 og 58). Einnig sést móta fyrir beðasléttum (66) austur af bæjarstæðinu. Vegur/leið (5) er frá Heyklif og að Kömbum sem liggur yfir Heyklifshraun, hann er þó ekki sýnilegur alla leiðina. Í örnefnaskrá segir: *Vegir yfir það voru Bæjarsnið eða Snið skammt frá gamla Heyklifsbænum, aðeins fært gangandi.* (Örnefnaskrá: Kambar og Heyklif). Vegurinn er merktur inn á túnakortið.






*Mynd 12. Matjurtagarður (59) og kartöflugeymsla (58). Ljósmynd: HJH.*

Af öðrum minjum ber að nefna aðhald (60) sem hefur verið byggt upp við klettana og óþekkta tóft (67) um 150 m suður af bæjarstæðinu. Upp á Kambahnútu er varða (4), en aldur hennar er óljós, gæti verið yngri en aðrar minjar.





Mynd 13. Minjar í austurenda Kambaness. Kortagerð: HJH. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Ef litið er lengra til austur á landi Heyklifjar má sjá fleiri minjar. Í um 360 m fjarlægð frá bæjarstæðinu má finna stekk (6) sem hefur verið gerður með litlum tilkostnaði. Gil sem þar er er notað sem náttúrulegt aðhald, klettarnir eru notaðir sem tveir stærstu veggirnir en hlaðið fyrir hina. Í örnefnaskrá er sagt frá stekknunum, þar segir: „Ofan við hana (Stekkjarfjöru) er Stekkur. Þar er skora inn í klett og hlaðið fyrir á tvo vegu” (Örnefnaskrá: Kambar og Heyklif). Lítil tóft (8) er þar rétt fyrir utan, mögulega athvarf fyrir þann eða þá sem unnu við stekkin. Slóði (stekkjarvegur) liggur frá stekknunum á tvo vegu. Slóðinn sameinast yngri veg sem þarna er, en sá vegur nær frá Kambanesvita og að bænum. Fyrir norðan þetta svæði er mýri og ekki mikið af minjum þar. Þó er þar að finna mögulega refagildu (9) og tóft með óþekkt hlutverk sem byggð var upp við klett (10).





Mynd 14. Minjar á norðaustaverðu nesinu. Kortagerð: HJH. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Landamerki Kamba og Heyklifjar mörkuðust að mestu leiti við klettbelti sem skildi jarðirnar af á milli sjávar frá suðri til norðurs. En þar sem ekki voru klettur þar var landamerkjagarður (11). Ekki er garðurinn sýnilegur alls staðar. Vegurinn sem liggur að Heyklif er búinn að rjúfa garðinn í suðurenda hans.





*Mynd 15. Garður (11). Ljósmynd: AR.*



*Mynd 16. Aðhald (12). Ljósmynd: Alexander Efanov.*



Fyrir utan rústaþyrpinguna er ekki mikið af minjum á norðanverðu nesinu. Þó er að finna tóft með óþekkt hlutverk (14) á hrauninu miðja vegu milli sjávar og vegar. Á norðvestanverðu, nesinu við sjóinn er að finna grjóthlaðið aðhald (12), klettarnir í kring eru nýttir í aðhaldið. Þar rétt hjá er grjóthlaðin rétt (13) með inngangi í báða enda. Réttin er nefnd í örnefnaskrá, þar segir: „...*Hagi, graskvos milli hárra kletta. Grjótgarðar hafa fyrir löngu verið hlaðnir milli þeirra. Þarna var rétt*”.



Mynd 17. Norðurhluti réttar (13). Ljósmynd: AR.

## Niðurstöður

Þegar skoðaðar eru fornleifar á Kambanesi kemur glögglega í ljós hvernig framkvæmdir og ábúð á seinni hluta 20. aldar hefur áhrif á minjalandslagið. Á Kömbum hefur frekar lítið verið hróflað við landslaginu, þó er búið að grafa nokkra fráveituskurði og slétta tún en mikið af minjunum hefur verið hlíft. Eftir standa minjar um búsetuna þegar bærinn var lagður í eyði, sem og eldri minjar. Á Heyklif er þessu öðruvísi háttað, túnið þar var sléttað og flestar eldri minjar, eins og t.d. gamli bærinn horfnar. Miðað við að Heyklif var dýrmætari jörð en Kambar hafa sennilega staðið þar fleiri og veglegri mannvirki, en þau er ekki að sjá í dag.

Sjá má á minjunum hvaða búskapur var stundaður þarna. Minjar um fjárbúskap eru þónokkrar, auk þess sem margar af þeim minjum sem eru með óþekkt hlutverk voru sennilega tengdar fjárbúskap. Þá eru minjar um sjósókn nokkrar, flestar á norðanverðu nesinu. Heimildir segja samt til um að það hafa sótt á sjó frá sunnanverðu nesinu einnig en minjar um sjósókn gætu verið horfnar í sjóinn. Þar eru þó náttúrulegar lautir sem geta hafa nýst sem naust. Matjurtarækt hefur verið stór þáttur í búskapnum, en alls voru skráðir átta matjurtagarðar, auk beðaslétta.

Ábúendur hafa verið duglegir við að nota náttúruna til að spara byggingarefni og orku. Fjölmörg dæmi eru um að klettaveggir voru notaðir sem einn eða fleiri útveggir í aðhöldum, réttum, stekkjum og fleiri mannvirkjum. Í þremur tilfellum var gil notað sem aðhald fyrir skepnur, þ.e. aðeins hefur þurft að byggja tvo útveggi af fjórum, tvær réttir (13 og 30) og einn stekkur (6). Í öðrum tilfellum þá er klettaveggur eða stór steinn notaður sem einn veggur í mannvirkinu til að mynda í fornleifum nr. 8, 10, 12, 22 og 60. Auk þess sem fimm af matjurtargörðunum voru staðsettir upp við klettavegg.



Mynd 18. Dæmi um hvernig klettur og stórir steinar voru notaðir sem hluti af mannvirkum (10). Ljósmynd: AR.

Ekki er hægt að fullyrða að allar fornleifar á svæðinu hafi verið skráðar, þar sem ekki sjást allar minjar á yfirborðinu. Ef fornleifar finnast við framkvæmdir þarf að stöðva framkvæmdir og tilkynna fornleifarnar til Minjastofnunnar Íslands (Lög um menningarminjar 38. gr). Minjastofnun metur svo framhaldið. Svæðið í kringum fornleifarnar á ekki að nota sem geymslu fyrir vinnuvélar eða annað sem tengist framkvæmdunum nema að Minjastofnum gefi fyrir því leyfi.



## Heimildaskrá

Ármann Halldórsson (ritstj.). (1976). *Sveitir og jarðir í Múlapingi. III. bindi*. Búnaðarsamband Austurlands.

Bjarni F. Einarsson (2020). *Stöð: Skálar á Stöð í Stöðvarfirði, skýrsla V*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Björn Lárusson (1967) *The old Icelandic land registers*. Lund: Institute of economic history, Lund university.

*Ferðafélag Íslands - árbók 2002: Austfirðir frá Álftafirði til Fáskrúðsfjarðar* (2002) Hjörleifur Guttormsson. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Hjörleifur Guttormsson (2002). Lesbók Morgunblaðsins. 25. Maí 2002. bls. 8-9.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*.

*Kirkjueignir á Íslandi 1697-1984: II. Skrár* (1992). Kirkjueignanefnd.

Landnámabók (1968). *Íslensk fornrit I*. Jakob Benediktson gaf út.

Lárus Ágúst Gíslason (1982). *Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi*. Reykjavík: Prentsmiðjan Leifur h.f.

*Lög um menningarminjar* (2012).

*Múlasyslur: Sýslu og sóknarlýsingar Hins Íslenska bókmenntafélags 1839-1874* (2000). Reykjavík: Sögufélag - Örnefnastofnun Íslands.

*Ný jarðabók fyrir Ísland* (1861). Kaupmannahöfn: J.H Schult's prentsmiðjan.

*Sóknarmannatal úr Stöðvarprestakalli 1851-1887*. Sótt af: manntal.is

*Sóknarmannatal úr Stöðvarprestakalli 1889-1913*. Sótt af: manntal.is

*Sóknarmannatal úr Stöðvarprestakalli 1829-1849*. Sótt af: manntal.is

*Sóknarmannatal úr Stöðvarprestakalli 1929-1952*. Sótt af: manntal.is

*Túnakort: Heyklif* (1920).

*Túnakort: Kambar* (1920).

*Örnefnaskrá: Kambar og Heyklif* (1984).

*Örnefnaskrá: Heyklif og Kambar* (2005).

## Myndaskrá

|                                                                                                    |    |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Mynd 1. Yfirlit yfir allar skráðar fornleifar á Kambanesi.....                                     | 3  |
| Mynd 2. Deiliskipulag fyrir Kambanes. ....                                                         | 4  |
| Mynd 3. Fornleifar við Kamba. ....                                                                 | 11 |
| Mynd 4. Til vinstri: Túnakort frá 1920. Til hægri: búð að setja túnakortið yfir loftmynd. ....     | 12 |
| Mynd 5. Til vinstri: Sólhóll en hann var efri hæðin á Kömbum (til hægri).....                      | 13 |
| Mynd 6. Drónamynd af rústunum á Kömbum.....                                                        | 13 |
| Mynd 7. Meint beitarhús við Kubbafljóru. ....                                                      | 14 |
| Mynd 8. Fornleifar við Klöpp. ....                                                                 | 15 |
| Mynd 9. Naust (55) á norðanverðu nesinu.....                                                       | 16 |
| Mynd 10. Minjar í og við tún Heyklifjar. ....                                                      | 17 |
| Mynd 11. Til vinstri: Túnakort af Heyklif frá 1920.Til hægri: Túnakortið sett yfir loftmynd. ....  | 18 |
| Mynd 12. Matjurtagarður (59) og kartöflugeymsla (58).....                                          | 19 |
| Mynd 13. Minjar í austurenda Kambaness. ....                                                       | 20 |
| Mynd 14. Minjar á norðaustaverðu nesinu. ....                                                      | 21 |
| Mynd 15. Garður (11). ....                                                                         | 22 |
| Mynd 16. Aðhald (12).....                                                                          | 22 |
| Mynd 17. Norðurhluti réttar (13). ....                                                             | 23 |
| Mynd 18. Dæmi um hvernig klettur og stórir steinar voru notaðir sem hluti af mannvirkum (10). .... | 24 |

## Viðauki: Fornleifaskrá

**Númer:** 1

**Sýsla:** Suður Múlasýsla

**Sveitafélag:** Fjarðabyggð

**Landareign:** Heyklif

**Skrásetjari:** Hermann Jakob Hjartarson og Atli Rúnarsson

**Dagsetning:** 26/03/20

**GPS:** E 744752.17 N 488042.74

**Sérheiti:**

**Tegund:** Tóft

**Hlutverk:** Kartöflugeymsla

**Fjöldi:** 1

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Tímabundið hættumat:** Engin

**Tímabundin hættuorsök:**

**Ástand:** Vel greinanleg

**Aldur:** 1850-1950

**Friðlýst:**

**Lengd:** 5,5 m

**Breidd:** 5 m

**Vegghæð:** 1,65-1,75 m

**Breidd veggja:** 1-1,2 m

**Umhverfi/staðhættir:**

Ofan á Hnútuþjalla undir klettavegg, norðan við núverandi bæ á Heyklif, útsýni í allar áttir nema vestur. Graslendi, lyng og mosi.

**Lýsing:**

Grjóthlaðin niðurgrafin tóft, inngangur í austur. Sambyggð matjurtargarði (2) og við garð (3). Sagt er frá tóftinni í örnefnaskrá, þar segir: „*Neðan undir Hnúttunni er Hnútuþjalli. Þar voru sáðgarður og kartöflukofi*“

**Heimildir:**

Örnefnaskrá Kambar og Heyklif.

**Ljósmyndir/teikningar:**





**Númer:** 2

**Sýsla:** Suður Múlasýsla

**Sveitafélag:** Fjarðabyggð

**Landareign:** Heyklif

**Skrásetjari:** Hermann Jakob Hjartarson og Atli Rúnarsson

**Dagsetning:** 26/03/20

**GPS:** E 744750.71 N 488031.30

**Sérheiti:**

**Tegund:** Ræktarsvæði

**Hlutverk:** Matjurtargarður

**Fjöldi:** 1

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Tímabundið hættumat:** Engin

**Tímabundin hættuorsök:**

**Ástand:** Greinanleg

**Aldur:** 1850-1950

**Friðlýst:** Nei

**Lengd:** 20 m

**Breidd:** 19 m

**Vegghæð:** 0,5 m

**Breidd veggja:** 1 m

**Umhverfi/staðhættir:**

Ofan á Hnútuhylla undir klettavegg, norðan við núverandi bæ á Heyklif, útsýni í allar áttir nema vestur. Graslendi, lyng og mosi.

**Lýsing:**

Sléttuð svæði, uppmokstur/garður víðast hvar í kring. Grjóti hefur verið safnað saman í sáðgarðinn. Sambyggð kartöflugeymslu (1) og við garð (3). Sagt er frá garðinum í örnefnaskrá, þar segir: „*Neðan undir Hnúttunni er Hnútuhylli. Þar voru sáðgarður og kartöflukofi*“

**Heimildir:**

Örnefnaskrá Kambar og Heyklif.

**Ljósmyndir/teikningar:**



**Númer:** 3

**Sýsla:** Suður Múlasýsla

**Sveitafélag:** Fjarðabyggð

**Landareign:** Heyklif

**Skrásetjari:** Hermann Jakob Hjartarson og Atli Rúnarsson

**Dagsetning:** 26/03/20

**GPS:** E 744758.26 N 488042.50

**Sérheiti:**

**Tegund:** Garður

**Hlutverk:** Óþekkt

**Fjöldi:** 1

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Tímabundið hættumat:** Engin

**Tímabundin hættuorsök:**

**Ástand:** Greinanlegur

**Aldur:** 1700-1900

**Friðlýst:** Nei

**Lengd:** 20 m

**Breidd:** 19 m

**Vegghæð:** 0,5 m

**Breidd veggja:** 1 m

**Umhverfi/staðhættir:**

Ofan á Hnúthjalla undir klettavegg, norðan við núverandi bæ á Heyklif, útsýni í allar áttir nema vestur. Graslendi, lyng og mosi.

**Lýsing:**

Liggur í austur frá kartöflugeymslu (1), náttúruleg klöpp notuð sem hluti af garðinum

**Heimildir:**

**Ljósmyndir/teikningar:**



**Númer:** 4  
**Sýsla:** Suður Múlasýsla  
**Sveitafélag:** Fjarðabyggð  
**Landareign:** Heyklif  
**Skrásetjari:** Hermann Jakob Hjartarson og Atli Rúnarsson  
**Dagsetning:** 26/03/20  
**GPS:** E 744775.84 N 488108.91  
**Sérheiti:**  
**Tegund:** Varða  
**Hlutverk:** Óþekkt  
**Fjöldi:** 1  
**Hættumat:** Engin hætta  
**Hættuorsök:**  
**Tímabundið hættumat:** Engin  
**Tímabundin hættuorsök:**  
**Ástand:** Vel greinanleg  
**Aldur:** 1800-1970

**Friðlýst:** Nei  
**Lengd:** 2 m  
**Breidd:** 2 m  
**Vegghæð:** 1,75 m  
**Breidd veggja:** 2 m

**Umhverfi/staðhættir:**

Efst á Kambahnútu, rétt hjá fjarskipta-mastri. Útsýni í allar áttir, mosi og lyng, hraun og klettar.

**Lýsing:**

Grjóthlaðin varða. Er um 1,75 m á hæð og um 2 m þar sem hún er breiðust. Ekkert hrúnið úr henni. Aldur óviss, gæti verið ung.

**Heimildir:**

**Ljósmyndir/teikningar:**





**Númer:** 5

**Sýsla:** Suður Múlasýsla

**Sveitafélag:** Fjarðabyggð

**Landareign:** Heyklif

**Skrásetjari:** Hermann Jakob Hjartarson og Atli Rúnarsson

**Dagsetning:** 26/03/20

**GPS:** E744646.18 N 487939.50

**Sérheiti:** Bæjarsnið/Snið

**Tegund:** Vegur

**Hlutverk:** Leið

**Fjöldi:** 1

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Tímabundið hættumat:**

**Tímabundin hættuorsök:** Engin hætta

**Ástand:** Greinanleg

**Aldur:** 1700-1900

**Friðlýst:** Nei

**Lengd:** Um 180 m.

**Breidd:** 0,5-2 m

**Vegghæð:**

**Breidd veggja:**

**Umhverfi/staðhættir:**

Liggur frá Kömbum og að Heyklif. Þó ekki sýnileg alla leið.

**Lýsing:**

Leið. Í örnefnaskrá segir: „*Vegir yfir það (Heyklifshraun) voru Bæjarsnið eða Snið skammt frá gamla Heyklifsbænum, aðeins fært gangandi*“. Vegurinn sést á túnakorti.

**Heimildir:**

Örnefnaskrá: Kambar og Heyklif.

Túnakort Heyklif (1920)

**Ljósmyndir/teikningar:**



**Númer:** 6  
**Sýsla:** Suður Múlasýsla  
**Sveitafélag:** Fjarðabyggð  
**Landareign:** Heyklif  
**Skrásetjari:** Hermann Jakob Hjartarson og Atli Rúnarsson  
**Dagsetning:** 26/03/20  
**GPS:** E 744970.92 N 487848.00  
**Sérheiti:**  
**Tegund:** Hleðsla  
**Hlutverk:** Stekkur  
**Fjöldi:** 1  
**Hættumat:** Engin hætta  
**Hættuorsök:**  
**Tímabundið hættumat:** Engin  
**Tímabundin hættuorsök:**  
**Ástand:** Vel greinanleg  
**Aldur:** 1700-1900  
**Friðlýst:** Nei  
**Lengd:** Sú nyrðri um 4 m, sú syðri um 3,5 m  
**Breidd:**  
**Vegghæð:** 0,2-1 m  
**Breidd veggja:** 1 m

**Umhverfi/staðhættir:**

Í gili norðan við Kambanesvita. Gilið er grasi vaxið með mosa og lyngi. Það rennur lækur niður gilið

**Lýsing:**

Tvær grjóthlaðnar hleðslur sem mynda suður og norður vegg aðhaldsins. Gilsveggirnir notaðir sem vestur og austur veggir. Í örnefnaskrá segir: „*Ofan við hana (Stekkjarfjöru) er Stekkur. Þar er skora inn í klett og hlaðið fyrir á tvo vegu*“.

**Heimildir:**

Örnefnaskrá Kambar og Heyklif.

**Ljósmyndir/teikningar:**



**Númer:** 7

**Sýsla:** Suður Múlasýsla

**Sveitafélag:** Fjarðabyggð

**Landareign:** Heyklif

**Skrásetjari:** Hermann Jakob Hjartarson og Atli Rúnarsson

**Dagsetning:** 26/03/20

**GPS:** E 744967.44 N 487832.89

**Sérheiti:**

**Tegund:** Gata

**Hlutverk:** Leið

**Fjöldi:** 2

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Tímabundið hættumat:** Engin

**Tímabundin hættuorsök:**

**Ástand:** Greinanleg

**Aldur:** 1700-1900

**Friðlýst:** Nei

**Lengd:** Um 120 m

**Breidd:** 0,5

**Vegghæð:**

**Breidd veggja:**

**Umhverfi/staðhættir:**

Fer í gegnum graslendi og grýtt svæði.

**Lýsing:**

Stekkjavegur, liggur frá stekk (6) og að slóða sem liggur frá Heyklif og að Kambanesvita, fer einnig framhjá tóft (8).

**Heimildir:**

**Ljósmyndir/teikningar:**





**Númer:** 8

**Sýsla:** Suður Múlasýsla

**Sveitafélag:** Fjarðabyggð

**Landareign:** Heyklif

**Skrásetjari:** Hermann Jakob Hjartarson og Atli Rúnarsson

**Dagsetning:** 26/03/20

**GPS:** E 744976.22 N 487801.24

**Sérheiti:**

**Tegund:** Tóft

**Hlutverk:** Óþekkt

**Fjöldi:** 1

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Tímabundið hættumat:** Engin

**Tímabundin hættuorsök:**

**Ástand:** Greinanleg

**Aldur:** 1700-1900

**Friðlýst:** Nei

**Lengd:** 5,5 m

**Breidd:** 5,5 m

**Vegghæð:** 0,3-0,5 m

**Breidd veggja:** 1,3 m

**Umhverfi/staðhættir:**

Í enda sama gils og aðhald (6). Við fjöruna við Kambanesvita, grasi vaxið þýft svæði.

**Lýsing:**

Hlaðin úr grjóti og grasi vaxin. Inngangur í suður, og klettur notaður sem norður veggur

**Heimildir:**

**Ljósmyndir/teikningar:**



**Númer:** 9

**Sýsla:** Suður Múlasýsla

**Sveitafélag:** Fjarðabyggð

**Landareign:** Heyklif

**Skrásetjari:** Hermann Jakob Hjartarson og Atli Rúnarsson

**Dagsetning:** 26/03/20

**GPS:** E 744950.52 N 487988.84

**Sérheiti:**

**Tegund:** Hleðsla

**Hlutverk:** Refagildra

**Fjöldi:** 1

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Tímabundið hættumat:** Engin

**Tímabundin hættuorsök:**

**Ástand:** Greinanleg

**Aldur:** 1700-1950

**Friðlýst:** Nei

**Lengd:** 1 m

**Breidd:** 1 m

**Vegghæð:** 0,6 m

**Breidd veggja:** 1 m

**Umhverfi/staðhættir:**

Á hjalla vestan við vita, mosavaxin. Graslendi, lyng og mosi,

**Lýsing:**

Grjóthrúga, annaðhvort illa gerð varða eða hrugin refagildra. Tófugreni er þarna rétt hjá.

**Heimildir:**

Þorgeir Eiríksson, Stöðfirðingur.

**Ljósmyndir/teikningar:**



**Númer:** 10

**Sýsla:** Suður Múlasýsla

**Sveitafélag:** Fjarðabyggð

**Landareign:** Heyklif

**Skrásetjari:** Hermann Jakob Hjartarson og Atli Rúnarsson

**Dagsetning:** 26/03/20

**GPS:** E 744959.21 N 488234.56

**Sérheiti:**

**Tegund:** Tóft

**Hlutverk:** Óþekkt

**Fjöldi:** 1

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Tímabundið hættumat:** Engin

**Tímabundin hættuorsök:**

**Ástand:** Greinanleg

**Aldur:** 1700-1900

**Friðlýst:** Nei

**Lengd:** 7 m

**Breidd:** 4 m

**Vegghæð:** 0,3-1,6 m

**Breidd veggja:** 1 m

**Umhverfi/staðhættir:**


Á hjalla austan á nesinu. Grasivaxið og stórgrýtt. Votlendi í kring.

**Lýsing:**

Hlaðin úr grjóti og torfi, grasi vaxin. Inngangur í suður. Klettur notaður sem vestur veggur. Veggjahæð frá 0,3–1,6 m, veggjabreidd um 1 m. Timburstaurar liggja inni í rústinni.

**Heimildir:**

**Ljósmyndir/teikningar:**





**Númer:** 11

**Sýsla:** Suður Múlasýsla

**Sveitafélag:** Fjarðabyggð

**Landareign:** Heyklif

**Skrásetjari:** Hermann Jakob Hjartarson og Atli Rúnarsson

**Dagsetning:** 26/03/20

**GPS:** E 744881.30 N 488353.80

**Sérheiti:**

**Tegund:** Garður

**Hlutverk:** Landamerki

**Fjöldi:** 4

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Tímabundið hættumat:** Nokkur hætta

**Tímabundin hættuorsök:** Fyrirhugaðar framkvæmdir

**Ástand:** Greinanleg

**Aldur:** 1700-1900

**Friðlýst:** Nei

**Lengd:** Um 320 m

**Breidd:** 0,7 m

**Vegghæð:** 0,1-0,3 m

**Breidd veggja:** 1 m

**Umhverfi/staðhættir:**

Allt frá klettum, graslendi og fjara.

**Lýsing:**

Grjóthlaðinn, líklega landamerkjagarður milli Heyklifs og Kamba. Gengur á milli kletta frá Kambahnjúki norður niður að sjó. Ekki sýnilegur alls staðar, sumstaðar eru klettar notaðir sem náttúrulegur garður. Vegur búinn að rjúfa garðinn í suðurenda hans.

**Heimildir:**

**Ljósmyndir/teikningar:**



**Númer:** 12  
**Sýsla:** Suður Múlasýsla  
**Sveitafélag:** Fjarðabyggð  
**Landareign:** Heyklif/ áður Kambar  
**Skrásetjari:** Hermann Jakob Hjartarson og Atli Rúnarsson  
**Dagsetning:** 26/03/20  
**GPS:** E 744760.61 N 488600.51  
**Sérheiti:**  
**Tegund:** Hleðsla  
**Hlutverk:** Aðhald  
**Fjöldi:** 2  
**Hættumat:** Nokkur hætta  
**Hættuorsök:** Landbrot  
**Tímabundið hættumat:** Engin hætta  
**Tímabundin hættuorsök:**  
**Ástand:** Greinanleg  
**Aldur:** 1700-1900

**Friðlýst:** Nei  
**Lengd:** 30 m  
**Breidd:** 22 m  
**Vegghæð:** 0,2-0,5 m  
**Breidd veggja:** 1 m

**Umhverfi/staðhættir:**

Grasi vaxið á milli kletta. Rétt ofan við fjöru. Það rennur lækur í gegnum aðhaldið.

**Lýsing:**

Grjóthlaðið aðhald norðan megin á nesinu, klettur nýttir í aðhaldið. Hleðslan hefur rofnað þar sem sjórinn hefur greiðastan aðgang.

**Heimildir:**

**Ljósmyndir/teikningar:**



**Númer:** 13  
**Sýsla:** Suður Múlasýsla  
**Sveitafélag:** Fjarðabyggð  
**Landareign:** Heyklif/ áður Kambar  
**Skrásetjari:** Hermann Jakob Hjartarson og Atli Rúnarsson  
**Dagsetning:** 26/03/20  
**GPS:** E 744698.82 N 488614.82  
**Sérheiti:** Hagi  
**Tegund:** Hleðsla  
**Hlutverk:** Rétt  
**Fjöldi:** 3  
**Hættumat:** Nokkur hætta  
**Hættuorsök:** Landbrot  
**Tímabundið hættumat:** Engin hætta  
**Tímabundin hættuorsök:**  
**Ástand:** Greinanleg  
**Aldur:** 1700-1900

**Friðlýst:** Nei  
**Lengd:** 17 m  
**Breidd:** 13 m  
**Vegghæð:** 0,9-1 m  
**Breidd veggja:** 0,7 m

**Umhverfi/staðhættir:**

Á milli kletta, grasi vaxið og skjólgott. Við sjóinn.

**Lýsing:**

Grjóthlaðin rétt með inngangi í báða enda. Veggirnir eru um 1m háir og um 0,7 m á breidd. Í örnefnaskrá segir: „...*Hagi, graskvos milli hárna kletta. Grjótgarðar hafa fyrir löngu verið hlaðnir milli þeirra. Þarna var rétt*“.

**Heimildir:**

Örnefnaskrá: Kambar og Heyklif

**Ljósmyndir/teikningar:**





**Númer:** 14  
**Sýsla:** Suður Múlasýsla  
**Sveitafélag:** Fjarðabyggð  
**Landareign:** Heyklif/ áður Kambar  
**Skrásetjari:** Hermann Jakob Hjartarson og Atli Rúnarsson  
**Dagsetning:** 26/03/20  
**GPS:** E 744592.25 N 488526.10  
**Sérheiti:**  
**Tegund:** Tóft  
**Hlutverk:** Óþekkt  
**Fjöldi:** 1  
**Hættumat:** Engin hætta  
**Hættuorsök:**  
**Tímabundið hættumat:** Engin hætta  
**Tímabundin hættuorsök:**  
**Ástand:** Greinanleg  
**Aldur:** 1700-1900

**Friðlýst:** Nei  
**Lengd:** 7 m  
**Breidd:** 4 m  
**Vegghæð:** 0,2-0,5 m  
**Breidd veggja:** 0,5 m

**Umhverfi/staðhættir:**  
Á norðanverðu nesinu. Miðja vegu á milli vegar og sjávar. Mosavaxið og stórgrýtt hraun í kring.

**Lýsing:**  
Grjóthlaðin tóft með engum inngangi, hleðslur eru um 0,2–0,5 m háar og um 0,5 m breiðar.

**Heimildir:**

**Ljósmyndir/teikningar:**



**Númer:** 15  
**Sýsla:** Suður Múlasýsla  
**Sveitafélag:** Fjarðabyggð  
**Landareign:** Heyklif/ áður Kambar  
**Skrásetjari:** Hermann Jakob Hjartarson og Atli Rúnarsson  
**Dagsetning:** 26/03/20  
**GPS:** E 744317.47 N 487767.65  
**Sérheiti:**  
**Tegund:** Tóft  
**Hlutverk:** Óþekkt  
**Fjöldi:** 1  
**Hættumat:** Engin hætta  
**Hættuorsök:**  
**Tímabundið hættumat:** Engin hætta  
**Tímabundin hættuorsök:**  
**Ástand:** Greinanleg  
**Aldur:** 1700-1944

**Friðlýst:** Nei  
**Lengd:** 7 m  
**Breidd:** 4 m  
**Vegghæð:** 0,5-1 m  
**Breidd veggja:** 0,5 m

**Umhverfi/staðhættir:**  
Þýft graslendi. Vestan við tóft (16) og austan við Kambanesbæinn (um 100 m frá).

**Lýsing:**  
Veggjahæð frá 0,5–1 m, inngangur í suður. Rústin er full af jarðvegi og veggjabreidd ógreinileg.

**Heimildir:**

**Ljósmyndir/teikningar:**



**Númer:** 16  
**Sýsla:** Suður Múlasýsla  
**Sveitafélag:** Fjarðabyggð  
**Landareign:** Heyklif/ áður Kambar  
**Skrásetjari:** Hermann Jakob Hjartarson og Atli Rúnarsson  
**Dagsetning:** 26/03/20  
**GPS:** E 744334.87 N 487752.95  
**Sérheiti:**  
**Tegund:** Tóft  
**Hlutverk:** Óþekkt  
**Fjöldi:** 1  
**Hættumat:** Engin hætta  
**Hættuorsök:**  
**Tímabundið hættumat:** Engin hætta  
**Tímabundin hættuorsök:**  
**Ástand:** Greinanleg  
**Aldur:** 1700-1944

**Friðlýst:** Nei  
**Lengd:** 4 m  
**Breidd:** 4 m  
**Vegghæð:** 0,4-0,5 m  
**Breidd veggja:** 0,5 m

**Umhverfi/staðhættir:**  
Þýft graslendi, austan við tóft (15).

**Lýsing:**  
